

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, sbr. reglugerð nr. 73/1974, um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og reglugerð um breyting á þeim reglugerðum nr. 199/1976.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 9. gr., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafríðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækir um leyfisskríteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1980. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 199/1976.

Menntamálaráðuneytið, 30. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkv. reglugerð um heimilishjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og laun starfsfólks heimilishjónustunnar: